

## Sparað fyrir framtíðarmarkmiðum



**Nafn:**

**Aldur:** 18 ára og vinnur með skóla og á sumrin.

Hann hefur sett sér það markmið að ná sem mestum sparnaði til að eiga síðar þegar hann er orðinn 28 ára, hvort sem hann ákveður að nota hann í íbúðarkaup eða ekki. Hann vill alla vega eiga góðan sjóð til að geta ráðstafað til þarfra hluta. Hann gerir ráð fyrir að klára nám um 25 ára aldur og fara þá í góða vinnu.

Hann hefur reiknað út að það margborgar sig að byrja sem fyrst að greiða í viðbótarlífeyrissparnað, hvort sem hann greiðir 2% eða 4% af launum sínum þá greiðir vinnuveitandinn alltaf 2% mótframlag. Þannig að eftir því sem launin hans eru hærrí því meira safnast upp.

Ef hann ákveður að kaupa íbúð eftir einhver ár þá má hann nýta það sem hann safnar í viðbótarlífeyrissparnað í útborgun og ekki að greiða skatt af þeirri úttektarfjárhæð.

En þar sem hann er 18 ára og með frekar lág meðallaun á mánuði þá veltir hann því fyrir sér hvort það henti honum betur að greiða 2% í viðbótarlífeyrissparnaðinn til að byrja með og fá þannig mótframlagið frá vinnuveitandanum og spara síðan önnur 2% eða meira inn á sparnaðarreikning til að eiga lausan sparnað að hluta.

Hann getur ákveðið að nota upphæð sem hann greiðir í viðbótarlífeyrissparnað í samfelld tíu ár, annað hvort sem fyrstu útborgun, sem greiðslu inn á höfuðstól íbúðarláns eftir kaup, eða hvoru tveggja (nota hluta til að greiða í fyrstu útborgun og hluta í að greiða inn á lánið). Hvað sem hann ákveður, þá er almennt hagstætt að nota sem mest af viðbótarsparnaðinum sem safnast á því tímabili innan þessara tíu ára sem launin eru hærrí.

## Verkefni

Ef hann ákveður 28 ára að kaupa íbúð, hvaða leið væri að ykkar mati hagstæðust fyrir hann að fara þegar kemur að því að nýta viðbótarlífeyrissparnaðinn í íbúðina, miðað við áætlaðar tekjur hans síðustu 10 árin?

- Á hann að nota allt það sem hann hefur þegar safnað í viðbótarlífeyrissparnað síðustu tíu árin í útborgunna á íbúðinni?
- Á hann jafnvel að skoða að nota nokkur af árunum sem hann hefur þegar greitt í viðbótarlífeyrissparnaðinn og nýta restina upp í tíu árin í að borga inn á höfuðstól íbúðarlánsins?
- Á hann að geyma viðbótarlífeyrissparnaðinn sem hefur safnast upp síðustu árin og nota næstu tíu ár til að greiða inn á íbúðarlánið?
- Eða er önnur leið betri að ykkar mati?

Ræðið og reynið að ná sameiginlegri niðurstöðu.

18 ára

28 ára



## Sparað fyrir framtíðarmarkmiðum



**Nafn:**

**Aldur:** 25 ára, hefur nýlengi háskólanámi og er byrjuð í nýju starfi.

Hún er 25 ára, hefur nýlengi háskólanámi.

Fyrir fimm árum byrjaði hún að greiða 2% í viðbótarlífeyrissparnað til að fá 2% mótframlag frá vinnuveitanda eftir að hafa komist að því að hægt er að nýta viðbótarlífeyrissparnaðinn skattfrjálst til að kaupa fyrstu íbúð. Hún hefur einnig síðustu fimm árin látið taka mánaðarlega 5.000 kr. af launum sínum inn á sparnaðarreikning sem hún ætlar einnig að nota í íbúðarkaup.

Frá því hún byrjaði að greiða í viðbótarlífeyrissparnaðinn 20 ára gömul hefur hún verið í vinnu með skóla og á sumrin, sem sagt ekki með há meðallaun á mánuði. Nú er hún hins vegar komin í mjög góða vinnu og ætla hún og kærasti hennar að kaupa sína fyrstu íbúð.

Hún getur valið að nota upphæð sem hún greiðir í viðbótarlífeyrissparnað samfellt í tíu ár, annað hvort í fyrstu útborgun, sem greiðslu inn á höfuðstól íbúðarláns eftir kaup, eða hvoru tveggja (nota hluta til að greiða í fyrstu útborgun og hluta í að greiða inn á lánið). Hvað sem hún ákveður, þá er almennt hagstætt að nota sem mest af viðbótarsparnaðinum sem safnast á því tímabili innan þessara tíu ára sem launin eru hærri.

## Verkefni

Hvernig er að ykkar mati skynsamlegast fyrir hana að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaðinum í íbúðarkaupin miðað við áætlaðar tekjur hennar síðustu árin?

- Á hún að nota allt það sem hún hefur þegar safnað í viðbótarlífeyrissparnað síðustu fimm árin og greiða næstu fimm ár inn á höfuðstól íbúðarlánsins
- Á hún að sleppa því sem hún hefur safnað síðustu árin og láta tíu ára tímabilið byrja núna og borga inn á höfuðstól lánsins næstu tíu árin?
- Eða er önnur leið betri að ykkar mati?

Ræðið og reynið að ná sameiginlegri niðurstöðu.

20 ára

25 ára

30 ára



## Sparað fyrir framtíðarmarkmiðum



**Nafn:**

**Aldur:** 18 ára og vinnur í verslun með skóla.

Hún er 18 ára og á tvö ár eftir í framhaldsskóla. Hún hefur sett sér það markmið að ná sem mestum sparnaði til að eiga síðar þegar hún er orðinn 28 ára, hvort sem hún ákveður að nota hann í íbúðar kaup eða ekki. Hún vill alla vega eiga góðan sjóð til að geta ráðstafað til þarfra hluta. Hún stefnir á hönnunarnám eftir stúdentspróf, klára það 25 ára og fara þá í fulla vinnu. Hún vill eiga fyrir náminu og taka sem minnst af námslánum og vinnur því með skólanum.

Hún hefur reiknað út að það margborgar sig að byrja sem fyrst að greiða í viðbótarlífeyrissparnað. Hvort sem hún greiðir 2% eða 4% af launum sínum þá greiðir vinnuveitandinn alltaf 2% mótframlag.

Hún getur notað upphæð sem hún greiðir í viðbótarlífeyrissparnað í samfelld tíu ár, annað hvort sem fyrstu útborgun, sem greiðslu inn á höfuðstól íbúðarláns eftir kaup, eða hvoru tveggja (nota hluta til að greiða í fyrstu útborgun og hluta í að greiða inn á lánið), án þess að greiða af því tekjuskatt. Hvað sem hún ákveður, þá er almennt hagstætt að nota sem mest af viðbótarsparnaðinum sem safnast á því tímabili innan þessara tíu ára sem launin eru hærri.

Þar sem hún er 18 ára og með frekar lág meðallaun á mánuði þá veltir hún því fyrir sér hvort það henti henni betur að greiða 2% í viðbótarlífeyrissparnaðinn til að byrja með og fá alla vega mótframlagið frá vinnuveitandanum og spara síðan önnur 2% eða meira inn á sparnaðarreikning til að eiga lausan sparnað að hluta.

## Verkefni

Ef hún ákveður 28 ára að kaupa íbúð, hvaða leið væri að ykkar mati hagstæðust fyrir hana að fara þegar kemur að því að nýta viðbótarlífeyrissparnaðinn í íbúðina, miðað við áætlaðar tekjur hennar síðustu tíu árin?

- Á hún að nota allt það sem hún hefur þegar safnað í viðbótarlífeyrissparnað síðustu tíu árin í útborgunna á íbúðinni?
- Á hún að að nota hluta af því sem hún hefur safnað í viðbótarlífeyrissparnað og greiða restina af tíu ára tímabilinu inn á höfuðstól íbúðarlánsins?
- Á hún að geyma viðbótarlífeyrissparnaðinn sem hefur safnast upp síðustu árin og nota næstu tíu ár til að greiða inn á íbúðarlánið?
- Er önnur leið betri að ykkar mati?
- Ræðið og reynið að ná sameiginlegri niðurstöðu.

18 ára

28 ára



## Sparað fyrir framtíðarmarkmiðum



**Nafn:**

**Aldur:** 20 ára

Hann er 20 ára og hefur sett sér það markmið að kaupa íbúð eftir 5 ár. Hann er nýbyrjaður í vel launuðu starfi og ætlar að vinna sem mest næstu árin. Hann er alveg staðráðinn í að byrja að strax að greiða í viðbótarlífeyrissparnað eftir að hafa komist að því að hann getur nýtt sparnaðinn skattfrjálst sem útborgun í sína fyrstu íbúð. Hann getur valið um að greiða 2% eða 4% og hvort sem hann velur þá greiðir atvinnurekandinn alltaf 2% í mótframlag.

Þegar kemur að því að kaupa íbúð, getur hann notað upphæð sem hann greiðir í viðbótarlífeyrissparnað samfellt í tíu ár, annað hvort í fyrstu útborgun, sem greiðslu inn á höfuðstól íbúðarláns eftir kaup, eða hvoru tveggja (nota hluta til að greiða í fyrstu útborgun og hluta í að greiða inn á lánið). Hvað sem hann ákveður, þá er almennt hagstætt að nota sem mest af viðbótarsparnaðinum sem safnast á því tímabili innan þessara tíu ára sem launin eru hærri.

## Verkefni

Hvernig er að ykkar mati skynsamlegast fyrir hann að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaðinum þegar kemur að íbúðarkaupunum miðað við áætlaðar tekjur hans síðustu árin?

- Á hann að nota allt það sem hann hefur þegar safnað í viðbótarlífeyrissparnað síðustu tíu árin?
- Á hann að nota hluta af því sem hann hefur safnað í viðbótarlífeyrissparnað og greiða restina af tíu ára tímabilinu inn á höfuðstól íbúðarlánsins?
- Á hann kannski að geyma viðbótarlífeyrissparnaðinn sem hefur safnast upp síðustu árin og nota næstu tíu ár til að greiða inn á íbúðarlánið?
- Er önnur leið betri að ykkar mati?

Ræðið og reynið að ná sameiginlegri niðurstöðu.

20 ára

25 ára

30 ára



## Sýnidæmi

Verkefnið er að skoða hvað ykkar einstaklingur á mikið í viðbótarsparnað eftir ákveðinn fjölda ára.

Ákveða þarf hvort og þá hversu mikið einstaklingurinn er með að meðaltali í laun á mánuði á tímabilinu, og reikna síðan hversu mikið af launum í hverjum mánuði fer í viðbótarlífeyrissparnað. Allir útreikningar eru án væntrar ávöxtunar).

Hægt er að nota [reiknivél](#) eða setja upp eins og í dæminu hér fyrir neðan:

*Laun 100.000 kr. á mánuði*

*Laun 350.000 kr. á mánuði yfir sumartímann*

*Meðallaun á mánuði á t.d. 10 ára tímabili  
kr.162.000.*

*Dæmi um útreikning:*

- Meðallaun fyrir skatt á mánuði = 162.000 kr.
- Viðbótarlífeyrissparnaður á mánuði(4%) = 6.480 kr.
- Mótframlag á mánuði(2%) = 3.240 kr.
- Viðbótarlífeyrissparnaður samtals yfir tíu ár = (6.480 \* 12) \* 10 = 777.600 kr.

**Samtals viðbótarsparnaður á tíu árum**

= \_\_\_\_\_